Nr. 46.
30.
júlí.

Lög

um

verzlunarbækur.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur.
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

»Kaupmenn« táknar í lögum þessum þá menn, sem reka verzlun sjer til atvinnu, hvort heldur eftir borgarabrjefi, sveitaverzlunarleyfi, einkaleyfi eða öðru leyfi til verzlunarreksturs, sem nú tíðkast að lögum eða síðar kann að tíðkast. Þar til teljast þeir, er reka verksmiðju-iðnað sjer til atvinnu. Það á jafnt við fjelög sem einstaklinga, alla þá, sem eru persóna að lögum og hafa verzlunar-viðskifti að atvinnu eða viðskiftaframleiðslu, þó á þetta eigi við þá menn, er stunda landbúnað eða sjávarútveg til framleiðslu-atvinnu, og eigi við þá einstaklinga, er að eins selja handvinnu sjálfra sín.

2. gr.

Kaupmenn og aðrir þeir menn, er reka viðskifta-atvinnu samkvæmt 1. gr., skulu skyldir að skrá öll verzlunarviðskifti önnur en þau, er hönd selur hendi, í frumbók daglega jafnsnart sem þau fara fram. Í bók þessa skal rita nöfn þeirra, er hafa afhent og móttekið vöruna, er hún var seld (= lánuð) eða keypt (= lögð inn) og sömuleiðis fyrir hvers reikning hún er úttekin eða innlögð og enn fremur verð hennar.

Samrit af viðskiftunum, eins og þau eru bókuð í frumbókina, skal ætíð láta skiftavin í tje í hvert sinn einhver verzlunarviðskifti fara fram bóklega.

3. gr.

Auk þess skulu þeir menn, er um getur í 2. gr., halda Sjóðbók, Höfuðbók (Konto-Kurant, Ledger) og Brjefabók. Í Sjóðbók skal rita allar sjóðsgreiðslur til verzlunarinnar og frá henni. Í Höfuðbók skal rita samanlagðar upphæðir þær í krónum og aurum, er úti látnar eða innlagðar vörur nema í hvert sinn samkvæmt frumbókinni. Í Brjefabók skal vera samrit brjefa, er snerta viðskifta-atvinnuna, þeirra er rituð eru mönnum erlendis eða kaupmönnum hjerlendis eða öðrum, er viðskiftaatvinnu reka.

4. gr.

Það varðar sektum eða fangelsi eftir atvikum, að skafa út eða gera á annan hátt með ásetningi ólæsilegt það, sem eitt sinn hefir skráð verið í verzlunarbók, eða

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

Lov

Nr. 46.
30.
Juli.

om

Handelsbøger:

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Ved »Købmænd« forstaas i denne Lov enhver, der driver Handel som Erhverv, hvad enten det er i Henhold til Borgerskab, Bevilling til Landhandel, speciel Bevilling eller anden Adkomst til Handelsdrift, der udstedes ifølge den nugældende eller fremtidige Lovgivning. Endvidere indbefattes enhver, der drive Fabriksvirksomhed som Erhverv. Under Betegnelsen omfattes saavel Interessentskaber som enkelte Personer, alle juridiske Personer, der drive Erhverv ved Omsætning eller Produktion af Varer, dog ikke dem, der drive Produktionsvirksomhed ved Landbrug eller Fiskeri eller dem, der kun sælge de af dem forarbejdede Husflidsprodukter.

§ 2.

Kødmænd og andre, der drive Omsætningsvirksomhed ifølge § 1, ere pligtige til daglig at indføre i en Kladde al deres Handelsomsætning samtidig med, at den finder Sted, undtagen den der foregaar mod kontant Betaling. I denne Bog indføres Navnene paa dem, der ved Salg (Debiteren) eller Køb (Krediteren) have afhændet og modtaget Varer, endvidere Navnene paa dem, paa hvis Regning Varen er bleven udtaget eller indsat, samt Varens Pris.

Hver Gang, der foregaar en Handelsomsætning, som skal bogføres, skal der gives den paagældende Kunde en Udskrift af Kladden angaaende Handelsomsætningen.

§ 3.

Desuden skulle de i § 2 omhandlede Personer føre en Kassebog, Hovedbog (Konto Kurant, Ledger) samt Kopibog. I Kassebogen indføres Handelsvirksomhedens samtlige Ind- og Udbetalinger. I Hovedbogen indføres i Kroner og Ører Summen af de hver Gang ifølge Kladden udleverede eller indsatte Varer. Kopibogen skal indeholde Genparter af de Handelsvirksomheden vedrørende, til Pesoner i Udlandet, Købmænd her i Landet eller andre der drive Handelsvirksomhed, oversendte Breve.

§ 4.

Den, som udraderer eller paa anden Maade forsætlig gør ulæseligt, hvad der en Gang er indført i en Handelsbog, eller skriver over det allerede skrevne, saaledes at

Nr. 46. 30. júlí. að rita ofan í skriftina, svo að ólæsilegt verði það, er áður stóð, enda þótt fyrst hafi misritast af vangá. Þurfi breyting að gera á því, sem eitt sinn er ritað, skal leiðrjetta það, annaðhvort með annari innfærslu, er dragi það frá annars vegar, er ofritað var hins vegar, eða bæti því við, er vanritast hafði, eða þá á þann hátt að stryka út það, sem rangt varð, án þess að ólæsilegt verði það, er út var strykað, en rita leiðrjettinguna milli lína eða á spázíu, eftir því sem bezt hentar.

5. gr.

Þeir, sem skyldir eru til að halda lögskipaðar bækur, skulu gera yfirlit yfir efnahag sinn, einu sinni à àri hverju, í sama mund hver, og færa það inn í sjerstaka löggilta bók, eða í höfuðbók sína, ef hún er löggilt.

6. gr.

Sjálfráðir eru menn þess, hverjar fleiri bækur þeir færa eða hversu þeir skifta bókhaldi sínu niður í fleiri bækur. En skyldur er hver maður, sem lög þessi ná til samkv. 2. gr., að halda þær bækur og svo skýrar, að af þeim megi sjá, hversu verzlunin eða iðnaðurinn gengur, og hversu efnum fyrirtækisins er varið, og hversu hagur atvinnurekandans stendur.

7. gr.

Að falsa verzlunarbækur varðar fangelsi við vatn og brauð eða betrunar hússvist alt að tveimur árum.

8. gr.

Nú er skuldar krafist innan árs frá því er hún varð til og skal þá það, sem skráð er í lögskipaða frumbók, hafa það sönnunargildi, ef bókin er vel og skipulega rituð (sbr. 2. gr.) og engin atvik liggja til, þau er geri bókunina grunsama, að álíta skal það rjett, er í henni stendur, ef aðili, sá er í hlut á, vill eigi synja fyrir með eiði, að rjett sje bókað. Nú er hann dauður eða hann getur ekki eiðinn unnið eða treystist ekki til þess fyrir sakir minnisbrests eða þvíumlíks, og má þá, ef engin atvik liggja svo til, að þau geri það ísjárvert, dæma eiganda eða umráðamanni verzlunarinnar heimilt að sanna sitt mál með eiði sínum eða eiði þess manns, er í bókina hafði ritað það, er um var þrætt.

Að þeim fresti liðnum, sem að ofan er nefndur, missir löggilt bók það sjerstaka sönnunargildi, er henni er veitt í þessum lögum, þó að eins gagnvart skiftavinum, sem sjálfir eru ekki kaupmenn, er skylt er að halda verzlunarbækur; en í viðskiftum milli verzlana eða kaupmanna halda bækurnar gildi sínu án tillits til frests, þess er að framan var nefndur.

Nú eru báðir málsaðilar kaupmenn og stendur sín innfærsla um sama efnið í bók hvors um sig, en ber eigi saman, þá hefir hvorug innfærslan sjerstakt sönnunargildi.

9. gr.

Nú vill kaupmaður hagnýta sjer sönnunar-gildi bókar sinnar, og skal hann þá leggja hana fram til sýnis fyrir dómaranum, eða þá endurrit af henni (eða því úr henni,

det først skrevne bliver ulæseligt, selv om der kun har foreligget en Fejlskrift af Uagtsomhed, straffes med Bøder eller efter Omstændighederne med Fængsel. Hvis det bliver nødvendigt at rette det en Gang skrevne, skal det rettes enten ved en anden Indførsel, ved hvilken der trækkes fra, hvad der før blev indført for meget, eller det manglende tilføjes, eller ved at overstrege det urigtig indførte, uden at det overstregede bliver ulæseligt, saaledes at Rettelsen skrives mellem Linierne eller paa Marginen, som det bedst passer.

§ 5.

Enhver, som er pligtig til at føre de lovbefalede Bøger, skal en Gang hvert Aar og hver enkelt paa den samme Tid affatte en Oversigt over sin Status og indføre den i en dertil bestemt autoriseret Bog eller i sin Hovedbog, hvis den er autoriseret.

§ 6.

Det staar enhver frit for at bestemme, hvilke flere Bøger han vil føre, samt hvorledes hans Bogholderi skal fordeles. Men enhver, hvem denne Lov ifølge § 2 omfatter, er pligtig til at føre ogsaa disse Bøger saa tydeligt, at Handelens eller Industrivirksomhedens Tilstand samt Virksomhedens økonomiske Forhold og Driftsherrens Status fremgaar af dem.

§ 7.

Forfalskning af Handelsbøger straffes med Fængsel paa Vand og Brød eller Forbedringshusarbejde i indtil to Aar.

§ 8.

Bliver en Gæld inden 1 Aar fra dens Stiftelsestid indkrævet, skal det der er blevet indført i en lovbefalet Kladde, hvis denne er bleven ført paa en god og ordentlig Maade, jfr. § 2, og der ikke foreligge Omstændigheder, der gøre Bogførselen mistænkelig, have den Beviskraft, at hvad der er blevet indført i den, skal anses for rigtigt, hvis Modparten ikke med sin Ed benægter det indførtes Rigtighed. Hvis Modparten er død eller ude af Stand til at aflægge Eden, eller paa Grund af daarlig Hukommelse eller lignende ikke trøster sig til at aflægge den, kan det for saa vidt der ikke foreligge særlige Omstændigheder, der gøre det betænkeligt, ved Dom tilstedes Handelens Indehaver eller Forstander med sin Ed eller ved Ed af den Person, der i Bogen har indført det omtvistede, at bevise Rigtigheden af sit Anbringende.

Efter Udløbet af det ovenfor nævnte Tidsrum mister en autoriseret Bog sin ved denne Lovhjemmel særlige Beviskraft, dog gælder dette kun overfor de Kunder, der ikke selv ere Købmænd, som ere pligtige til at føre Handelsbøger; i Forholdet mellem Handelsvirksomheder eller Købmænd indbyrdes bevare Bøgerne, uden Hensyn til den ovenfor nævnte Tidsfrist, deres fulde Beviskraft.

Ere begge Parter Købmænd og ere deres Indførelser i Bøgerne angaaende det samme Emne ikke overensstemmende med hinanden, kan der ikke tillægges nogen af de paagældende Indførsler en særlig Beviskraft.

§ 9.

Den Købmand, der vil gøre Brug af sin Bogs Beviskraft, skal for Dommeren fremlægge Bogen eller en af notarius publicus bekræftet Udskrift af den (eller det af

Nr. 46. 30. júlí. sem máli skiftir), er staðfest sje af notarius publicus. Sje endurrit notað, verður því að fylgja vottorð notarius um, að bókin sje, að því er af útliti verður sjeð, löglega rituð og skipulega.

10. gr.

Tilskipun frá 13. júní 1787 II. kapítuli 17. og 18. gr. um viðskiftabækur er úr gildi feld.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1910.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalínborg, 30. júlí 1909.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

Björn Jónsson.

denne, der vedrører Sagen). Benyttes en Udskrift, skal den ledsages af en af Notarius publicus udfærdiget Attest om at Bogen, efter dens Udseende at dømme, er ført paa en lovlig og ordentlig Maade.

§ 10.

Forordning af 13. Juni 1787, Kap. II, §§ 17 og 18 om Handelsbøger ophæves.

§ 11.

Denne Lov træder i Kraft den 1. Januar 1910.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 30. Juli 1909.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

Björn Jonsson.

Islands Ministerium, den 30. Juli 1909.

Björn Jonsson.

Jon Krabbe,
kst.